# ULTRA 4000 GÓLFEFNI

GÓLFLAUSNIR MALLAND

## Samskeytalaus iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 4000 er þriggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af lituðum kvarssandi og glæru tveggja þátta epoxý bindiefni ULTRA 4000 er lagt um það bil 4mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem vatns-, efna- og lyftaraálag er í meðallagi.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 4000 gólfefnisins eru, að auðvelt er að leggja það á gólf-, veggi og húlkíl í kverkar. Efnið er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið, hvorki við lögn né eftir á. ULTRA 4000 er með sléttri áferð en möguleiki á að setja í það hálkuvörn. ULTRA 4000 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s. hefur samfellt yfirborðl, sem auðvelt er að þrífa.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA 4000 eru gólf í matvælaiðnaði svo sem í fisk– og kjötvinnslum þar sem álag er í meðallagi. Einnig er ULTRA 4000 ákjósanlegt á snyrtingar, bað– og búningsaðstöðu íþróttahúsa, eldhús veitingahúsa og mötuneyta, verslana eða þar óskað er eftir styrk og fallegu útliti.

### Eiginleikar:

**Þrýstiþol:** 88 N/mm²
**Beygjuþol:** 30 N/mm²
**Togþolsstyrkur meiri en steypu**
**Hitaþol:** 60°C með álagi
**Algerlega raka og vatnsþétt.**
**Efnaþol:** Mjög gott.






### Vinnslutími:

- Tími við lögn: 3-4 dagar
- Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- Lyftaraumferð: 48 klst/20°C
- Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 4000 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaiðnaði er almennt nægjanlegt að þrífa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

GÓLFLAUSNIR MALLAND